

Samstarfssamningur

AkureyrarAkademíunnar og Háskólans á Akureyri

Aðilar að samningnum eru AkureyrarAkademían, kt. 450914 1500, og Háskólinn á Akureyri, kt. 520687 1229.

Markmið og tilgangur

Markmið samningsins er að efla samstarf milli aðila, stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilarnir búa yfir.

Aðilarnir munu í sameiningu vinna að því að þróa aðferðafræði sem miðar að því að koma þekkingu á framfæri á einfaldan og aðgengilegan hátt sem og að stuðla að samræðum um fræði og vísindi.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í þessum samningi.

Hlutverk aðila

AkureyrarAkademían skal veita Háskólanum á Akureyri upplýsingar um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk á hverri önn, til forseta viðeigandi fræðasviða.

Háskólinn á Akureyri getur leitað til fræðimanna AkureyrarAkademíunnar hvort sem er fyrir stundakennslu eða einstök erindi.


Munu aðilar halda að minnsta kosti eina sameiginlega ráðstefnu í húsakynnum Háskólans á Akureyri á samningstímanum. Efni ráðstefnu og val fyrirlesara verður ákveðið í samstarfi aðilanna.

Aðilarnir munu leita leiða til miðlunar þekkingar og nýta til þess tækjakost Háskólans á Akureyri.


Gildistími

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Samningsaðilar geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Akureyri, 18. september 2020



Eyjólfur Guðmundsson
Rektor Háskólans á Akureyri



Aðalheiður Steingrimsdóttir
Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar